

# Fundur hjá skólaráði Myllubakkaskóla

5. október 2021

Mættir: Bryndís Björg Guðmundsdóttir (skólastjóri), Svanhildur Skúladóttir (fulltrúi kennara), Hjörleifur Hannesson og Lovísa Lilliendahl (fulltrúar foreldra), Sólveig Hjörleifsdóttir og Bryndís Björk Guðjónsdóttir (fulltrúar nemenda), Hrafnhildur Ólafsdóttir (fulltrúi grenndarsamfélags).

Unnur Guðmundsdóttir (fulltrúi kennara) og Stefán Jónsson (fulltrúi starfsmanna) voru fjarverandi.

1. Rætt var um starfsáætlun skólans 2021 – 2022 og var hún undirrituð.
2. Sjálfsmatsskýrsla 2020 – 2021, líðan nemenda hefur ekki verið að koma nógu vel út í skólapúlsinum. Margt hefur verið gert en niðurstöðurnar eru þær sömu og áður. Rætt um að leggja skólapúlsinn fyrir annað hvort ár.
3. Myglumál - það er enn að greinast mygla í skólanum og Reykjanesbær hefur ekki gert nógu mikið. Margir starfsmenn finna fyrir vanlíðan og Bryndís skólastjóri þarf að fara í veikindaleyfi. Hjörleifur talaði um að stofna nefnd foreldra til að vinna í málinu. Kópavogsbær og Akureyri hafa verið að vinna vel í svona málum.
4. Önnur mál: Lovísa ræddi um hvort það væri hægt að fá fræðslu eða leiðbeiningar fyrir foreldra varðandi hinsegin börn svo þeir geti rætt málið við sín börn. Bryndís skólastjóri tók mjög vel í það.

Fundi slitið

Fundargerð ritaði Svanhildur Skúladóttir